

Nd. **223. Frumvarp til laga** [156. mál]

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr. lög nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982, nr. 10/1982.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson,
Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Inn komi ný grein, 13. gr., er orðist svo:

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.

2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

2. gr.

Inn komi ný grein, 14. gr., er orðist svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

3. gr.

13.—16. gr. verði 15.—18. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var birt sem fylgiskjal með frv. til stjórnarskipunarlaganna sem samþykkt var á síðasta þingi. Það er nú flutt í tengslum við frumvarp til staðfestingar á þeim stjórnarskipunarlögum og frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um aðferð við úthlutun. Efnisbreyting er engin.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp sama skipan um röðun frambjóðenda á lista og lögð er til í 29. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Vísast til athugasemda með greininni í því frv.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.